

Ed.

779. Breytingartillaga

[153. mál]

við frv. til l. um breyt. á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr. Fyrri efnismálgrein orðist svo:

Höfundar verka, sem útvarpað hefur verið eða gefin hafa verið út á hljóðriti eða myndriti, eiga rétt á sérstöku endurgjaldi vegna upptöku verka þeirra á hljóð- eða myndbönd til einkanota með heimild í l. mgr. þessarar greinar. Greiða skal gjald af tækjum til upptöku verka á hljóð- og myndbönd til einkanota, svo og af auðum hljóð- og myndböndum og öðrum böndum sem telja má ætluð til slíkra nota. Gjaldið skal greitt af tækjum og böndum sem flutt eru til landsins eða framleidd eru hér á landi og hvílir skylda til að svara gjaldi þessu á innflytjendum og framleiðendum. Gjald af tækjum nemi 4% af innflutningsverði eða framleiðsluverði ef um innlenda framleiðslu er að ræða. Gjald af auðum hljóðböndum nemi kr. 10,00, en kr. 30,00 ef um auð myndbönd er að ræða. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um gjald þetta, þ. á m. um verðtryggingu gjaldsins.